

19. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

16. maí 2000

Nr. 44

LÖG

**um breyting á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun og rekur Íslenska málstöð.

2. gr.

4. gr. laganna, sbr. 121. gr. laga nr. 83/1997, orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Íslenskrar málstöðvar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa lokið meistaraþrófi eða jafngildu prófi í íslenskri málfræði. Leita skal álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur um stöðu forstöðumanns.

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Hann stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar og gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

16. maí 2000

Nr. 45

LÖG

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Á eftir fyrri málslíð 1. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um skjöl sem afhent eru til aflýsingar þar sem dagbók er haldin í tölvu.